

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1511

komudagur 17/4 1996

Nefndadeild Alþingis,  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 REYKJAVÍK



Reykjavík, 16. apríl 1996

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.**

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hefur borist frumvarpið til umsagnar frá háttvirtri félagsmálanefnd Alþingis.

Í þessu frumvarpi er annarsvegar um að ræða breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938 (1. - 5. gr. og 7. - 10. gr.) en hinsvegar er lögum um sáttastörf í vinnudeilum nr. 33/1978 breytt verulega og þeim þannig stungið sem sérstökum kafla inn í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur (6. og 11 gr.). Fyrra atriðið á við um almenna markaðinn en það seinna á einnig við um opinbera starfsmenn. Flestir félagsmenn FÍN starfa hjá opinberum vinnuveitendum en hluti félagsmanna starfar á almennum markaði, þannig að frumvarpið í heild sinni varðar hagsmuni félagsmanna.

Meginathugasemd félagsins við fyrrihluta frumvarpsins er að þar er með einhliða lagasetningu gripið inn í skipulag stéttarféлага og ákveðið með lögum hvernig þau taka ákvarðanir um afgreiðslu samninga (2. gr.) og ákvörðun um verkfall (4. gr.). Félagið bendir á að hliðstæð ákvæði í lögum um kjarasamningum opinberra starfsmanna byggðust á sínum tíma á samkomulagi við stéttarfélögin.

Veigamestu breytingar frumvarpsins felast í breytingum á lögnum um sáttastörf í vinnudeilum. Breytingarnar miða að því að færa allar samningaviðræður í einn farveg. Þetta er gert með ákvæðum um viðræðuáætlun (6. gr. d). Ef stéttarfélag og atvinnurekendur ná um það samkomulagi er það skynsamleg verklagsregla að einstök stéttarfélög og atvinnurekendur geri áætlun um gang fyrirhugaðra samningaviðræðna. Í frumvarpinu er hinsvegar gert ráð fyrir slíkri áætlun hvort sem aðilar ná um hana samkomulagi eða ekki. Hafi aðilar ekki náð samkomulagi um viðræðuáætlun 10 vikum áður en samningur rennur út, þá á sátta-  
semjari að búa til viðræðuáætlun og taka mið af öðrum áætlunum sem þegar hafa verið gerðar.

Viðræðuáætlun getur ekki verið óháð þeim markmiðum sem aðilar setja sér við samningsgerðina. Þannig yrði notuð önnur áætlun til að gera samning til aldamóta eins og forseti ASÍ hefur lýst stuðningi við en til að gera samninga til 6 mánaða eins og formaður Verkamannasambandsins hefur viðrað. Eins og vinnumarkaðurinn er skipulagður hér á landi er það í raun í hendi Vinnuveitendasambandsins að velja þá viðræðuáætlun sem því líst best, stéttarfélög sem ekki sætta sig við þá áætlun verða neydd til að vinna eftir henni.



Félagið mótmælir sérstaklega þeim áformum að hægt sé að láta telja upp úr einum potti (6. gr. i) atkvæði um miðlunartillögu hjá félögum á almennum markaði annarsvegjar og opinberum starfsmönnum hinsvegjar. Með þessu er sá grundvallarréttur tekinn frá einstökum félögum að taka með lýðræðislegum hætti afstöðu til samninga.

Nái þessi áform um viðræðuáætlun fram að ganga fá miðlunartillögur sáttasemjara meiri þýðingu en þær hafa nú hvort sem breytingar frumvarpsins (gr. 6, liðir h-m) verða samþykktar eða nógildandi 9. gr. laga nr. 33/1978 verði tekin óbreytt inn í lög. Þegar búið er að fella allar viðræður í einn farvega liggur beint við að leggja fram samhljóða miðlunartillögu sem tekur til alls vinnumarkaðarins.

Meginhugmyndin að baki þessari tillögu er að tryggja að kjarasamningar verði allir eins. Og gera þannig að engu samningsfrelsi einstakra stéttarféлага. Með þjóðarsáttinni 1990 var gerð tilraun til að gera einn samning fyrir allan vinnumarkaðinn. Til þess að það gengi eftir varð að ógilda löglega gerðan kjarasamning FÍN og annarra aðildarféлага BHMR við fjármálaráðherra með lögum. Frá þeim tíma hefur verið reynt að tryggja að allir samningar væru á svipuðum nótum og þannig hefur raunverulegt samningsumboð einstakra stéttarféлага verið að engu gert. Í síðustu samningum mistókst þetta og mörgum félögum tókst að gera betri samning en Vinnuveitendasambandið og sérsambönd innan ASÍ gerðu. Frumvarpið miðar að því að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Laun eru ákvörðuð í kjarasamningum og með ráðningarsamningum. Léleg laun er hægt að bæta upp með viðbótarkjörum sem einstaklingar semja um hver á sínum vinnustað. Eftir því sem svigrúm til að ná fram kjarabótum í kjarasamningum hefur þrengst hefur FÍN stutt félagsmenn sína til að bæta það upp með slíkum samningum. Stéttarfélög hljóta ávallt að leita leiða til að bæta kjör félagsmanna sinna. Nái frumvarpið fram að ganga er ljóst að umfang einstaklingsbundinna samninga um viðbótarlaun mun halda áfram að vaxa. Niðurstaðan verður að bilið milli þeirra launa sem samið er um í kjarasamningum og þeirra sem greidd eru fer vaxandi. Til lengri tíma litið er slík þróun óæskileg.

Af ofangreindum ástæðum leyfir félagið sér að beina því til háttvirtrar félagsmálanefndar að hún leggi til við alþingi að frumvarpið verði tekið af dagskrá þingsins.

F. h. Félags ísl. náttúrufræðinga

Einar Torfason formaður